



### ***Ályktun um starfslok slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna***

15. þing Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna haldið 25. – 26. apríl 2014, að Lágmúla 4 Reykjavík, ályktar að sérstaða starfa slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna er að þau eru í flestum tilfellum unnin við lífshættulegar kringumstæður undir miklu andlegu og líkamlegu álagi. Þá eru kröfur til starfsins sífellt að aukast. Ekki er á færi eldri starfsmanna að uppfylla þær kröfur er starfinu eðlilega fylgja, svo vel sé.

Landsambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna leggur áherslu á að starfslok slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna verði við 55 ára aldur og verði því marki náð í áföngum. Í upphafi samningstímans er raunhæft að hámarksaldur sé 65ár, en verði lækkaður um hálf tölur fyrir hvert samningsár. Við starfslok og töku eftirlauna verði taxti eftirlauna miðaður við taxa þeirrar stöðu sem eftirlaunaþegi var í við starfslok eða sambærilegt starfsheiti, þó ekki til lækkunar. Verði starfsheiti lagt af skal miða við stöðu í sambærilegum launaflokki.

### ***Ályktun um menntunarkröfur við ráðningar***

15. þing Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna haldið 25. – 26. apríl 2014, að Lágmúla 4 Reykjavík, hvetur alla viðeigandi aðila til að virða allar kröfur um menntunarskilyrði við ráðningar á slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum. Kröfurnar koma fram í lögum um brunamál nr. 75/2000, og reglugerð nr. 792/2001.

### ***Ályktun um aldur slökkvibíla á Íslandi.***

15. þing Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna lýsir yfir áhyggjum af aldri slökkvibíla á Íslandi. Sex af hverjum tíu slökkvibílum sem slökkviliðin notast við eru eldri en 25 ára og geta því flokkast sem fornbílar. Endurnýjun hefur ekki verið í samræmi við kröfur nútímans og telur þing LSS að sveitarfélögin verði að grípa hér inn í.

### ***Ályktun um bakvaktir***

15. þing Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna haldið 25. – 26. apríl 2014, að Lágmúla 4 Reykjavík, krefst þess að sveitarfélögin í landinu og samninganefnd sveitarfélaga, virði ákvæði kjarasamninga um greiðslur fyrir bakvaktir. Þingið vill að stjórn LSS geri átak í að lagfæra bakvaktagreiðslumál félagsmanna og beiti sér fyrir því að farið sé eftir kjarasamningum almennt og noti til þess þau verkfæri sem til þarf.

